

3

AUGLÝSING

2. jan.

um breyting á reglum um merkingu skipa, nr. 25 frá 25. febr. 1954, sbr. auglýsingu nr. 175 frá 31. des. 1954, um breyting á þeim reglum.

Aftan við umdæmisbókstafina í 3. gr. bætist: KO Kópavogur.

Breyting þessi á reglum um merkingu skipa nr. 25/1954 og auglýsingu nr. 175/1954, sem settar eru samkvæmt 27. gr. laga nr. 17 frá 8. marz 1948, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1956.

F. h. r.

Sigtryggur Klemenzson.

Einar Ágústsson.

4

REGLUGERÐ

7. jan.

um breyting á reglugerð nr. 47 11. marz 1955, um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

3. töluliður orðist svo:

Árið 1956 skal í janúar greiða upp í iðgjöld samkv. 107. gr., eins og hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 350.00
Ógiftar konur	— 250.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 250.00
Ógiftar konur	— 180.00

5. töluliður, síðari málsgr., orðist svo:

Til loka febrúarmánaðar 1956 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 10.20 á viku
Á 2. —	— 7.65 —

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 95/1955, um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1954, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.